

Akureyri, 29. maí 2020

Minnisblað framkvæmdastjóra um stöðu verkefna vegna sameiningarmála

Við er í excelskjalið „Aðgerðaráætlun SSNE“ en þar má sjá verkþættina tímasetta og stöðu þeirra. Þar eru tveir flipar, annar sem nær yfir feb – apríl og hinn sem spannar maí og fram í ágúst.

Starfslýsingar voru gerðar fyrir starfsfólk og var því lokið í mars. Starfslýsingar verða endurskoðaðar í kjölfar stefnumótunar á árinu og síðan á hverju ári í starfsmannasamtölum.

Endurskoðun launamála í samræmi við jafnlaunastefnu SSNE var lokið í mars og ráðninga-samningar gerðir við starfsfólk, þeir síðustu um miðjan apríl.

Hönnun og gerð myndmerkis var lokið í mars en enn á eftir að útfæra notkun myndmerkis á efni frá SSNE. Það verður gert í haust.

Heimasíðan ssne.is var opnuð snemma í maí en þá var enn verið að setja efni inn á síðuna. Heimasíðan er í vinnslu en stefnt er að því að ljúka yfirfærslu efnis af eldri heimasíðum og lokafrágangi í viku 25.

Facebook síðan er orðin mjög virk og heimsóknunum á síðuna fjölga. Samhliða stefnumótunarvinnu SSNE verður unnin samskiptastefna þar sem notkun heimasíðu, samfélagsmiðla og annarra miðla verður skipulögð og gerð markvissari.

Mánaðarlegt rafrænt fréttabréf er orðið að veruleika og er þriðja tölublað að koma út í byrjun júní. Næstu skref eru að kynna fréttabréfið betur og auka útbreiðslu þess. Það verður unnið sem liður í samskiptaáætlun SSNE.

Samþætting UT kerfa er á lokametrunum en einhverjir endar enn óhnýttir sem snúa að gömlu félögunum. Þeirri vinnu líkur í fyrstu viku júní.

SSNE hefur tekið upp ný símanúmer, gömlu númerin munu lifa eitthvað áfram og áframsendast á rétta staði. Samningi um símsvörun sem AFE var með hefur verið sagt upp, enda óþörf. Einnig hefur samningi vegna fundarsíma í fundarherbergi á þriðju hæð í H – 91 verið sagt upp en hann fól í sér áskrift að símanúmer og leigu á fundarsíma.

Vel gengur að samþætta skjölun gagna gömlu félaganna og SSNE. Því verkefni mun ljúka fyrir lok júní. Í lok ágúst hefst vinna við að finna bestu lausn fyrir skjalakerfi. Við munum kynna okkur aðferðir annarra landshlutasamtaka sem eru einhver komin vel á veg með innleiðingu skjalakerfis í SharePoint sem við getum vonandi nýtt.

Skipurit/skipulag SSNE er að mótast mikið núna með þeirri stefnumótandi ákvörðun að ráða sviðsstjóra atvinnu- og byggðaþróunar. Það er starf sem fyllir skarð sem skapaðist við starfslok framkvæmdastjóra AÞ. Ákveðið hefur verið að hinkra með að ráðstafa þeirri stöðu sem laus er vegna starfsloka framkvæmdastjóra AFE af tveimur ástæðum. Annars vegar til að skapa

fjárhagslegt rými til að hafa verkefnisstjóra menningarmála inni í rekstri SSNE út þetta ár og hins vegar til að sjá hvernig Nýsköpun á landsbyggðinni þróast núna við að NMÍ er lögð niður.

Ráðið hefur verið í stöðu sviðsstjóra atvinnu- og byggðaðróunar og mun Baldvin Valdemarsson hefja störf sem sviðsstjóri á Húsavík 1. september næstkomandi. Ráða þarf í stöðu Baldvins og er stefnt að því að ljúka því um miðjan júlí.

SSNE breytti áherslum og sett það í algjöran forgang að styðja við sveitarfélögin og atvinnulíf á svæðinu þegar áhrif heimsfaraldursins skulu á okkur. Það hefur haft nokkur áhrif á verkefni tengd sameiningu en starfsemin hefur gengið mjög vel, sérstaklega með tilliti til þess að við erum stödd í miðri á í sameiningarverkefninu.

Stóra verkefnið núna er að hrinda af stað stefnumótunarvinnu sem, í eðlilegu ástandi hefði átt að vera vel á veg komin núna. Búið er að halda tvo starfsdaga, annan í mars og hinn nú í maílok og báðir voru þeir haldnir á Húsavík. Á þessum fundum er stefnumótun unnin en einnig önnur mikilvæg verkefni eins og starfsáætlun og ýmis verkefni sem snúa að innri málefnum. Stefnt er að því að drög að stefnuskjölum liggi fyrir í byrjun ágúst og verði þá kynnt fyrir stjórn.

Húsnæðismál eru til skoðunar. Erum í samstarfi með þekkingarneti Þingeyinga um mögulegt þekkingar- og þróunarsetur í húsnæði í eigu Norðlenska á Húsavík. Við munum taka ákvörðun um húsnæðismál á Húsavík út frá því hvernig þau mál skipast. Verði ekki af þeim áformum eða kosturinn verður ekki talinn fýsilegur mun SSNE leita annarra lausna því ekki verður hjá því komist að finna hentugra húsnæði fyrir starfsstöðina á Húsavík.

Á Akureyri er eftirsóknarvert að komast í eitt rými og hefur þegar verið rætt við húseiganda H – 91 um að fá að skoða rýmið sem Nýsköpunarmiðstöð er í, ef þau fara.

Við erum að flétta saman starfseminu og samstillu starfsfólkið og það er ánægjulegt að upplifa það hvað starfsfólkinu finnst það skemmtilegt að hafa fleiri vinnufélaga og fá tækifæri til að vinna þvert á allt svæðið. Ég upplifi mjög góðan starfsanda og mikla samheldni í hópnum. Allir eru reiðubúnir og viljugir til að taka virkan þátt í sameiningunni, stefnumótun og daglegum störfum. Það er tilefni til að hrósa starfsfólki SSNE fyrir eljusemi þeirra, útsjónarsemi og góð störf í viðbrögðum við Covid 19.

Eypór Björnsson